

## Verkefnisáætlun samstarfs opinberu háskólanna

23. desember 2010

Verkefnisáætlun þessi byggir á stefnuskjali mennta- og menningarmálaráðherra um opinbera háskóla frá 9. ágúst 2010. Markmið verkefnisins er að stofna öflugt samstarfsnet opinberra háskóla og að það verði tekið til starfa að fullu árið 2012. Unnið er út frá þeirri forsendu að skólarnir fjórir verði áfram sjálfstæðar stofnanir eftir árið 2012 en að markmið stefnuskjalsins um eflingu háskólastarfsemi, hagræðingu og háskólastarf víða um landið náist með þeim verkefnum sem hér er lýst. Verkefnisáætlun þessi er unnin af verkefnisstjórn samstarfsnetsins og er gert ráð fyrir að hún verði lifandi skjal á næstu misserum. Því er hún sett fram með fyrirvara um breytingar og tilfærslu verkþátta milli tímabila.

Mánuður	Varða
Ágúst 2010	Sjö manna verkefnisstjórnun skipuð með þátttöku rektora háskólanna fjögurra. Starfstími verkefnisstjórnar er til september 2012.
Október 2010	Fjórir vinnuhópar teknir til starfa: <ol style="list-style-type: none"><li>1. Upplýsingakerfi</li><li>2. Stoðþjónusta og stjórnarsýsla</li><li>3. Gæðakerfi v/nemenda og kennslu</li><li>4. Gæðakerfi v/akademískra starfsmanna og rannsóknna</li></ol> <p>Farið yfir námsframboð skólanna og það skoðað með tilliti til hvar það skarast og hvar möguleikar gætu verið á samstarfi í kennslu.</p>
Nóvember 2010	Vinnuhóparnir fjórir skila af sér tillögum til verkefnisstjórnar.  Fyrstu umræðu í háskólaráðum allra skólanna lokið.  Verkefnisstjórn skipar vinnuhóp um fjárfestingu í fjarfundabúnaði, til að auðvelda samskipti á milli skólanna vegna samstarfsins.
Desember 2010	Umræða í verkefnisstjórn um tillögur fjögurra vinnuhópa. Samþykkt að vinna áfram á grundvelli þeirra.  Verkefnisstjórn sendir inn fyrstu hugmyndir um nauðsynlegar lagabreytingar vegna samstarfsins.  Rekstrarlegri aðgreiningu staðarhalds og skólahalds á Hólum ljúki.  Fyrsta verkefnisáætlun samstarfsverkefnisins 2011-2012 send til mennta- og menningarmálaráðuneytis.
<b>2011</b>	
Janúar 2011	Verkefnisstjórn tekur ákvörðun um samstarfsverkefni sem ráðist verði í og hver verði næstu skref í framhaldi af tillögum vinnuhópanna fjögurra.

	<p>Verkefnisstjórn skipar í vinnuhóp til að undirbúa skiptingu kostnaðar vegna sameiginlegra verkefna sem lögð hafa verið til.</p> <p>Gerð drög að fjárhagsáætlunum, rammasamningi um verkefni og lausnum á fjárhagslegum áhrifum sem af þeim leiða.</p> <p>Frá 1. janúar verður innleiddur fyrsti hluti af samræmdu gæðakerfi fyrir akademíska starfsmenn og rannsóknir í HA(stigamat).</p> <p>Kynningarfundir og heimsóknir milli skóla fyrir lykilstarfsmenn á þeim sviðum sem snerta þau verkefni sem ákveðið hefur verið að ráðast í.</p> <p>Verkefnisstjórn ræðir valkosti um útlínur og framtíðarskipulag samstarfsins frá og með 2012, þ.e. eftir að skipunartíma núverandi verkefnisstjórnar lýkur.</p> <p>Vefsíða samstarfsverkefnisins opnuð.</p>
Febrúar 2011	<p>Verkefnisstjórn skipar í vinnuhóp um fjarnámsstefnu.</p> <p>Verkefnisstjórn ræðir um tengsl háskólanna við fræðasetur HÍ og önnur þekkingarsetur á landsbyggðinni.</p> <p>Samráðsferli innan skólanna fjögurra, kynning og umræður. Öllum starfsmönnum skólanna boðið á kynningarfundum um stöðu samstarfsverkefnisins, til að tryggja eðlilegt upplýsingaflæði.</p> <p>Verkefnisstjórn undirbýr með akademískum starfsmönnum hvers skóla vinnufundi um samþættingu námsframboðs og samkennslu, á þeim sviðum þar sem mest tækifæri eru talin liggja.</p>
Mars 2011	<p>Tilkynnt opinberlega um stöðu samstarfsverkefnisins og áætlanir skólanna um framhaldið. Upplýsingastreymi til nemenda skólanna.</p> <p>Verkefnisstjórn boðar til sameiginlegra vinnufunda skólanna um samþættingu námsframboðs og samkennslu, með þátttöku lykilstarfsmanna í akademískum deildum skólanna, á völdum sviðum þar sem tækifæri eru helst talin liggja.</p>
Apríl 2011	<p>Lokið nauðsynlegum lagabreytingum, þannig að allir fjórir háskólarnir starfi skv. sömu löggjöf um háskóla og opinbera háskóla.</p> <p>Miðlæg samræmd upplýsingagátt háskólanna opnuð.</p>
Maí-Júní 2011	<p>Verkefnisstjórn tekur ákvörðun um næstu skref varðandi samþættingu námsframboðs og samkennslu á völdum sviðum (í framhaldi af fundum í mars), m.t.t. kynningar voruð 2012.</p> <p>Átak gert í uppbyggingu innviða skólanna hvað varðar fjarkennslu, bæði tæknibúnaður og aðstoð við kennara.</p>

Júlí 2011	
Sept-des. 2011	<p>Samkensla fyrstu námskeiða sem ákveðið hefur verið að ráðast í hefst.</p> <p>Unnar kennsluskrár fyrir þær sameiginlegu prófgráður sem skólarnir hafa ákveðið að taka upp. Unnið að annarri samræmingu skólastarfs eftir því sem ákveðið hefur verið, og reglur skólanna uppfærðar í samræmi við það.</p> <p>Stefnt er að því að 1. nóvember 2011 verði innleiddur seinni hluti af samræmdu gæðakerfi fyrir akademíska starfsmenn og rannsóknir (til dæmis ráðningakerfi og framgangskerfi). Námskeið haldin því tengt.</p> <p>Námskeið og samstarfsfundir haldnir fyrir starfsmenn í nemendaskráningu og víðar vegna upptöku samræmds umsóknakerfis í janúar 2012, og annarrar samræmingar skólastarfs, skv. því sem ákveðið hefur verið.</p>
<b>2012</b>	
Janúar 2012	<p>Samræmt upplýsingakerfi fyrir móttöku umsókna og innritun nemenda tekið upp, í samræmi við ákvörðun verkefnisstjórnar.</p> <p>Þær breytingar á stoðþjónustu sem ákveðnar hafa verið koma til framkvæmdar 1. janúar.</p>
Janúar - mars 2012	<p>Innleiðing samræmds gæðakerfis fyrir nemendur og kennslu í samræmi við það sem ákveðið hefur verið, til dæmis varðandi lágmarksinntökukröfur og gæðastarf í kennslu.</p> <p>Upplýsingastreymi til nemenda.</p>
Júlí 2012	<p>Vinnsla hefst í samræmdu upplýsingakerfi skólanna fyrir nemendaskrá og kennslu, í samræmi við ákvörðun verkefnisstjórnar.</p> <p>Mögulega hafið samstarf um samþættingu annarra upplýsingakerfa.</p>
Sept-Nóv.2012	<p>Lokið við samræmingu og staðfestingu á öllum reglum skólanna sem þarf að breyta vegna ákvarðana um samræmingu gæðakerfa og fleiri þátta.</p> <p>Fyrir liggja ákvörðun um framtíðarskipulag samstarfsins, þ.e. eftir að skipunartími núverandi verkefnisstjórnar rennur út í september 2012.</p>
Desember 2012	<p>Skipulag samstarfs komið til framkvæmda, en áframhaldandi þróun og breytingar ákveðin eftir atvikum.</p>
<b>2014</b>	
Desember 2014	<p>Reynslan af samstarfinu metin og ákvörðun tekin um frekara framhald, þ.e.a.s. hvort þetta kerfi er til frambúðar eða hvort rétt sé að ráðast í ennþá nánara samstarf eða sameiningu stofnananna.</p>